

Orkuveita Reykjavíkur
Umhverfisskýrsla | Environmental Report

2
0
0
9





Umhverfisskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2009 | Reykjavik Energy Environmental Report 2009

Skýrsla um ábyrga starfshætti | Social Responsibility Report

Orkuveita Reykjavíkur, maí 2010



Ljósmyndir

Mynd á forsiðu og bls. 2-3: Gras á Búðum á Snæfellsnesi

Bls. 10-11: Vaglaskógur í Fnjóskadal

Bls. 26-27: Kornrækt á Rangárvöllum

Bls. 34-35: Haustlitir í Þjórsárdal

Bls. 48-49: Starir í Hornfirskri tjörn

Bls. 58-59: Úr Guttormslundi í Hallormsstaðaskógi

Bls. 66-67: Dýjamosi á Vestfjörðum

Bls. 82-83: Haustfrost á Mosfellsheiði

Bls. 90-91: Baldursbrá

Bls. 104-105: Birki í Vesturdal í Jökulsárgljúfrum

Útgefandi: Orkuveita Reykjavíkur,

Gæða-, umhverfis- og öryggismál

Ritstjórn: Erla Sigríður Gestsdóttir

Þýðandi á ensku: Daniel Teague / Daniel Teague ehf.

Ljósmyndir: Guðmundur Ingólfsson / Ímynd ehf.

Hönnun útlits og umbrot: Íslenska auglýsingastofan ehf.

Prentvinnsla: Oddi

Prófarkalestur: Hildigunnur Þorsteinsdóttir,

Sunneva Bernharðsdóttir

Skýrsluna má afrita og nýta úr henni
upplýsingar ef þess er getið í heimildaskrá

ISSN: 1670-7761

Efnisyfirlit

Inngangur forstjóra	6
Umhverfisstefna Orkuveitu Reykjavíkur	9
Pýðingarmiklir umhverfispættir	12
Útstreymi gróðurhúsalofttegunda	12
Landgræðsla og skógrækt	14
Kolefnisspor	16
Úrgangur	18
Notkun auðlinda	19
Kalt vatn	19
Lághiti	21
Háhiti	22
Hitapolnar örverur	24
Brennisteinsvetni	24
Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum	25
Aðrir umhverfispættir	28
Heildarframleiðsla	28
Eigin notkun	29
Eldsneytisnotkun	29
Kyndistöð	30
Fráveita	30
Neysluvatnsnotkun	31
Eftirlit með vatnsverndarsvæðum OR	32
Yfirfallstími dælu- og hreinsistöðva	33
Umhverfisóhöpp	33
Samfélagsleg ábyrgð	36
Stefna OR varðandi samfélagslega ábyrgð	36
Styrkir og framlög	37
Fræðsla og gestamóttaka Orkuveitunnar	38
Umhverfivottun ferðamannaþjónustu	38
Orkuskólinn REYST	39
Umhverfis- og orkurannsóknasjóðurinn	39
Ánægjuvogin	41
Starfsmannamál	41
Jafnréttismál	42
Öryggismál	43
Mat á umhverfisáhrifum	45
Yfirlýsing stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur	46
Áritun endurskoðenda	47
Viðauki	50
Efnagreiningar á köldu vatni	50
Útstreymisbókhalð kyndistöðvar	54
Útstreymisbókhalð fráveitu	55
Veitusvæði Orkuveitunnar	56
Heimildaskrá	48
Environmental Report	61

Inngangur forstjóra

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti nýja heildarstefnu fyrir fyrirtækið í lok árs 2009. Ekki fer á milli mála við lestur stefnunnar, hve ríka áherslu stjórnin leggur á umhverfismál. Framtíðarsýn Orkuveitunnar er að vera í fararbroddi orku- og veitufyrirtækja og leiða samfélagið inn í sjálfbæra framtíð. Þar byggir fyrirtækið á traustum stöðum sjálfbærrar orkuvinnslu til hagsbóta fyrir almenning í landinu. Stefnan leggur lykiláherslu á umhverfislega ábyrgð og að virðing skuli ríkja í allri umgengni við umhverfið og ábyrga nýtingu auðlinda. Í kjölfarið á nýrri stefnu stjórnar var umhverfisstefna Orkuveitunnar aðlöguð henni og nýjum þýðingarmiklum umhverfisþáttum bætt við, sem eru magn brennisteinsvetnis frá virkjunum og hlutfall hreinsunar þess, magn sorps og hlutfall endurvinnslu og hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum.


Allt frá því fyrir aldamótin hefur Orkuveita Reykjavíkur unnið að innleiðingu innlendra, visthæfra orkugjafa í samgöngum. Þau er orðin 12 árin frá því tveir Peugeot rafbílur voru teknir í notkun hjá veitunum. Nú er hartnær fimmta hver bifreið í um 200 bíla flota fyrirtækisins knúin innlendi orku. Með sama hætti og hitaveitan losaði okkur við mengun frá bruna kolefniseldsneytis og sparaði ómældan gjaldeyri eru nú sífellt fleiri að horfa til vænlegra lausna á sviði umhverfissvænni samgöngutækja. Á síðasta ári leit uðu fjölmargir opinberir og einkaaðilar í smiðju OR í leit að hugmyndum, reynslu og sýn á það hvernig orkuskipti í samgöngum geti átt sér stað hér á landi og tekur fyrirtækið ríkan þátt í þróun stefnu og áætlana þar að lútandi.

Orkuveita Reykjavíkur hefur unnið að því um hríð að hefja hreinsun hveralyktar úr gufunni, sem kemur frá virkjun fyrirtækisins á Hellisheiði. Lyktinni veldur brennisteinsvetni og hafin er tilraun með blöndun þess við niðurrennslisvatn frá virkjuninni, þannig að því verður veitt niður í jarðhitageyminn, þaðan sem það kom upphaflega. Þá hefur því verið lýst yfir, í tengslum við umhverfismat áformaðra virkjana, að hveralykt frá þeim verði hreinsuð frá upphafi reksturs. Á árinu jók fyrirtækið vöktun á brennisteinsvetni með uppsetningu mælistöðva, ein er staðsett í Hveragerði, önnur í Norðlingaholti í Reykjavík og sú þriðja er áformuð við Hellisheiðarvirkjun.

Gestamóttökur virkjana Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði og Nesjavöllum hlutu fyrsta stigs vottun skv. „EarthCheck“ áður „Green Globe“, í lok ársins. Fjöldi gesta í Hellisheiðarvirkjun hefur vaxið frá ári til árs og 2009 voru skráðir gestir 103.232 talsins. Árið áður voru gestirnir 33.500 og hefur gestafjöldinn því þrefaldast á milli ára. Virkjanir Orkuveitu Reykjavíkur eru þannig komnar í hóp vinsælustu ferðamannastaða á Íslandi. Vottun samkvæmt „EarthCheck“ er liður í að efla ímynd virkjananna í huga þeirra sem heimækja þær.

Umhverfisvernd nær til allra innviða fyrirtækisins, en liður í þeirri stefnu var að bæta sorpflokkun á skrifstofum og starfstöðvum fyrirtækisins. Í þessu verkefni mættust tvær mikilvægar áherslur fyrirtækisins, aukinn sparnaður sem hlýst af auknu hlutfalli endurvinnanlegs úrgangs og umhverfisvernd. Innleiðing gekk vel og voru starfsmenn mjög opnir fyrir verkefninu.

Sú skýrsla sem hér fer er hin níunda sem Orkuveita Reykjavíkur gefur út um umhverfis- og samfélagsþætti starfsemi sinnar. Fyrirtækið ruddi brautina hér á landi, árið 2001, þegar fyrsta Umhverfisskýrslan kom út. Er það von mín að þær ítarlegu upplýsingar um starfsemi fyrirtækisins, sem hér koma fyrir almenningssjónir, verði til þess að fólk geti sem best glöggvað sig á því hlutverki Orkuveitu Reykjavíkur að tengja saman samfélög og auðlindir landsins.



Hjörleifur B. Kvaran
Forstjóri



Umhverfisstefna Orkuveitu Reykjavíkur

Ein af lykiláherslum Orkuveitu Reykjavíkur er á umhverfislega ábyrgð sem felst í virðingu gagnvart umhverfinu og ábyrga nýtingu auðlinda. Orkuveita Reykjavíkur leggur áherslu á:


- Að vera í fararbroddi í umhverfismálum á öllum sviðum, standast allar opinberar kröfur og vinna að góðri sátt um virkjanir og vinnusvæði.
- Að setja sér mælanleg markmið í umhverfismálum.
- Að nýta auðlindir á vatnsverndarsvæðum og jarðhitasvæðum með sjálfbærum hætti.
- Að lágmarka útstreymi gróðurhúsalofttegunda.
- Að auka landgæði og kolefnisbindingu með landgræðslu og skógrækt.
- Að vinna markvisst að aukinni notkun vistvænnar orku.
- Að starfsfólk og birgjar fyrirtækisins uppfylli markmið umhverfisstefnu Orkuveitu Reykjavíkur.
- Að vera leiðandi á markaði í sölu umhverfisvænna afurða.
- Að vinna að stöðugum umbótum í samræmi við umhverfisstjórnunarstaðla ISO 14001 og „EarthCheck“.
- Að vakta þýðingarmikla umhverfispætti og stýra þeim sem tók er á.

Þýðingarmiklir umhverfispættir

Þýðingarmiklir umhverfispættir eru þeir sem verða fyrir áhrifum af starfsemi fyrirtækisins og lúta að kjarna-starfsemi þess. Fyrirtækið stýrir og vaktar þýðingarmikla umhverfispætti eins og kostur er og hafa eftirtaldir þættir verið metnir sem þýðingarmiklir:

- Útstreymi gróðurhúsalofttegunda
- Landgræðsla og skógrækt
- Úrgangur og hlutfall endurvinnslu
- Notkun auðlinda
- Hitapólur örverur
- Magn brennisteinsvetnis og hlutfall hreinsunar
- Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum



An aerial photograph of a dense forest, showing a mix of green foliage and tree trunks. The forest is viewed from a high angle, looking down on the canopy. On the right side of the image, there is a vertical white bar that transitions into a green bar at the top and bottom.

Þýðingarmiklir umhverfispættir

Þýðingarmiklir umhverfispættir

Þýðingarmiklir umhverfispættir eru þeir sem verða fyrir áhrifum af starfsemi fyrirtækisins og lúta að kjarna-starfsemi þess. Fyrirtækið stýrir og vaktar þýðingarmikla umhverfispætti eins og kostur er og hafa eftirtaldir þættir verið metnir sem þýðingarmiklir:

- Útstreymi gróðurhúsalofttegunda
- Landgræðsla og skógrækt
- Úrgangur og hlutfall endurvinnslu
- Notkun auðlinda
- Hitapólnar örverur
- Magn brennisteinsvetnis og hlutfall hreinsunar
- Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum

Útstreymi gróðurhúsalofttegunda

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar kveður á um að aðildarríki skuli upplýsa um alla losun gróðurhúsalofttegunda sem verða af mannavöldum. Megintilgangurinn með bókhaldinu er að fylgjast með losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Nýsamþykkt stefna stjórnar Orkuveitunnar felur í sér að útstreymi gróðurhúsalofttegunda er einn af lykilmælikvörðunum og stefna skuli að lágmarkun þeirra. Fylgst er með hversu stórt hlutfall af heildarlosun á Íslandi megi skrifa á starfsemi Orkuveitunnar og einnig hvort útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá fyrirtækinu aukist milli ára.

Gróðurhúsalofttegundirnar koltvísýringur (CO₂), tvíköfnunar-efnisoxíð (N₂O) og metan (CH₄) eru losaðar í einhverjum mæli vegna starfsemi Orkuveitunnar. Brennisteinshexaflúoríð (SF₆) hefur ekki mælst frá fyrirtækinu sem útstreymi, en það er notað sem einangrunargas í háspennubúnaði aðveitu- og dreifikerfis.

Útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi Orkuveitunnar er flokkað eftir uppruna frá:

- Nesjavallavirkjun
- Hellisheiðarvirkjun
- Varaafstsstöðvum
- Bílaflota fyrirtækisins
- Kyndistöð

Allur útblástur frá Nesjavöllum og Hellisheiði miðast við rekstur virkjananna og tilrauna- og viðhaldsboranir á svæðunum. Útblástur frá kyndistöð hefur eingöngu verið vegna prófana undanfarin ár. Með varaafli er fyrst og fremst átt við litlar spennistöðvar sem nota þarf til þess að knýja dælur, t.d. meðan borun stendur yfir eða ef bilun verður á raftengingum þar sem dælur eru reknar. Litlar varaafstsstöðvar er einnig að finna í hitaveitum og neysluvatnsveitum. Með varaafstsstöðvum er því bæði um að ræða fastar stöðvar og færanlegar.

Í töflu 1 eru upplýsingar um útstreymi gróðurhúsalofttegunda vegna starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur. Útstreymið vegna alls reksturs fyrirtækisins er í dag um 1,8% af heildar-útstreymi allra gróðurhúsalofttegunda á Íslandi árið 2007¹.

1. Birna Sigrún Hallsdóttir, Kristín Harðardóttir og Jón Guðmundsson, Umhverfisstofnun, 2009, bls. 2.

Tafla 1. Útstreymi gróðurhúsalofttegunda

Uppruni		2004	2005	2006	2007	2008	2009
Koltvísýringur (CO ₂)	Nesjavellir	tonn	11.551	13.259	12.673	15.412	17.773
	Hellisheiði	tonn	1.943	2.779	¹⁾	22.597	40.227
	Hverahlíð	tonn					692
	Varaafli	tonn	2	33	41	91	119
	Bílar	tonn	797	794	919	935	872
	Kyndistöð	tonn	0	55	0	30	0
Samtals CO₂		tonn	14.293	16.920	13.633	39.065	59.735
Metan (CH ₄)	Nesjavellir	kg	21.000	29.000	27.000	26.000	1.500
	Hellisheiði	kg	0	4.000	¹⁾	22.000	38.000
	Varaafli	kg	0	2	3	7	8
	Bílar	kg	109	104	130	113	95
	Kyndistöð	kg	0	4	0	2	3
	Samtals CH₄		kg	21.109	33.106	27.133	48.122
Tvíköfnunarefnisoxíð (N ₂ O)	Varaafli	kg	0	0,3	0,3	0,9	1
	Bílar	kg	7	7	8	9,2	9
	Kyndistöð	kg	0	0,4	0	0,3	0
	Samtals N₂O		kg	7	7,7	8,3	10,4
Brennisteinshexaflúoríð (SF ₆)	Samtals SF₆	kg	0	0	0	0	0

¹⁾ Ekki reyndist unnt að fá tölur frá Hellisheiði árið 2006²⁾ Leiðrétt frá fyrra ári

Frá Hellisheiðarvirkjun kemur nú meira gufumagn en á Nesjavöllum, um 11 milljónir tonna á ári samanborið við 7 milljónir tonna frá Nesjavöllum. Styrkur CO₂ í gufunni frá Hellisheiði er hærri, en líkur eru á samkvæmt reynslu annars staðar frá að þessi styrkur minnki með tímanum. Styrkur brennisteinsvetnis í gufu er svipaður á Nesjavöllum og Hellisheiði.

Það dregur úr útblæstri koltvísýrings á Nesjavöllum milli ára þar sem færri holum voru prófaðar en árið áður. Einnig var meðalstyrkur koltvísýrings í gufunni lægri en á fyrra ári, sérstaklega í holum í tilraunablæstri.

Mikil aukning varð á útblæstri Hellisheiðarvirkjunar á árinu sem stafar af því að nýju vélasamstæðurnar sem komu á Hellisheiði seinni hluta árs 2008 eru starfandi allt árið. Nú er blástur frá holum í Hverahlíð skilinn frá Hellisheiði. Það dregur úr gufulosun vegna borana og prófana á holum á Hellisheiði en eykur að sama skapi það sem fellur undir hefðbundinn rekstur með rennsli um orkuver.

Athygli vekur að það dregur töluvert úr heildarútblæstri metans milli ára. Þessi minnkun stafar af minna metaninnihaldi í gufu frá Nesjavöllum og færri bílum í rekstri. Magn gastegunda í gufu frá virkjunum getur verið mjög breytilegt milli ára af náttúrulegum ástæðum. Tafla 2 sýnir hlut Orkuveitunnar í útstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi á árunum 2003 til 2009.

Tafla 2. Hlutfall útstreymis vegna starfsemi Orkuveitunnar af heildarlosun á Íslandi, skipt eftir lofttegundum

	2004	2005	2006	2007 ¹⁾	2008	2009
Koltvísýringur (CO ₂)	0,5%	0,6%	0,4% ¹⁾	1,3%	1,8%	1,8%
Metan (CH ₄)	0,1%	0,2%	0,1% ¹⁾	0,2%	0,2%	0,01%
Tvíköfnunarefnisoxíð (N ₂ O)	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

¹⁾ Ekki reyndist unnt að fá tölur frá Hellisheiði árið 2006.

Landgræðsla og skógrækt

Árið 2009 hélt Orkuveita Reykjavíkur áfram að vinna að landbótum með gróðursetningu trjáa, sáningu í örfoka svæði og áburðargjöf. Með landgræðslu vinnur fyrirtækið markvisst að því að bæta landgæði með því að sporna við eyðingu gróðurs og jarðvegs. Einnig fæst með því aukin kolefnisbinding sem að mati alþjóðasamfélags er viðurkennd leið til þess að vinna gegn heildarlosun gróðurhúsalofttegunda. Ávinningur af þessu starfi Orkuveitunnar er því tvíþættur.

Dregið var úr gróðursetningu plantna á árinu vegna víðtækra sparnaðaraðgerða í fyrirtækinu. Einnig var aukin áhersla á endurheimt staðargróðurs við virkjanir í stað almennrar skógræktar.

Árlega eru teknar saman upplýsingar um fjölda plantna sem gróðursettar hafa verið. Að auki er upplýsingum safnað um sáningu og það magn áburðar sem dreift var á árinu. Þessar upplýsingar eru birtar í töflu 3. Tafla 4 sýnir hvaða plöntutegundum hefur verið plantað síðustu ár og fjölda þeirra.

Tafla 3. Gróðursetning, sáning og áburðardreifing


Gróðursetning		2004	2005	2006	2007	2008	2009
Í Skólaskógum	stk.	5.100	5.500	5.750	4.880	4.900	1.750
Í Bernskuskógi	stk.	1.700	1.720	1.730	780	1.350	-
Í Straumnesi	stk.	650	200	-	-	120	-
Á Borgarvíkursvæði	stk.	150	-	-	-	-	-
Í Úlfjótstjalli	stk.	3.700	-	-	-	-	-
Við Úlfjótstvatn	stk.	-	1.000	-	-	2.100	-
Á Nesjavöllum	stk.	2.750	1.100	6.800	1.000	-	-
Við Ölfusvatn	stk.	11.200	30	300	250	-	-
Við Deildartungu	stk.	130	-	-	-	-	-
Við Andakílsárvirkjun	stk.	740	-	-	-	1.260	-
Samtals	stk.	26.120	9.550	14.580	6.910	7.630	1.750
Grasfræi sáð	m ²	122.000	37.000	25.000	442.455	460.000	425.400
-þar af í Grafningi							55.000
-þar af Hellisheiði							370.400
Hvítmára sáð	m ²	1.000	6.800	5.000	-	300	-
Tilbúnum áburði dreift	tonn	12	11	18	26	23	9
Lífrænum úrgangi dreift	m ³	150	120	35	21	100	10

Tafla 4. Gróðursettar trjátegundir

		2004	2005	2006	2007	2008	2009
Birki	stk.	19.020	6.100	8.500	6.910	5.800	1.750
Greni	stk.	250	30	-	-	20	-
Fura	stk.	150	-	50	-	55	-
Lerki	stk.	50	-	-	-	-	-
Elri	stk.	300	-	30	-	110	-
Ösp	stk.	50	1.460	1.600	-	30	-
Reynir	stk.	600	920	250	-	950	-
Víðitegundir	stk.	4.500	550	4.030	-	600	-
Runnar	stk.	1.200	490	120	-	65	-
Samtals	stk.	26.120	9.550	14.580	6.910	7.630	1.750

Eins og fram kemur á mynd 1 er kolefnisbinding vegna gróðursetningar Orkuveitunnar meiri en útstreymi CO₂ vegna eigin orkunotkunar fyrirtækisins. Útblásturinn er reiknaður út frá eldsneytisnotkun bíla, varaafls og kyndistöðvar. Olíunotkunin er umreiknuð yfir í losun gróðurhúsalofttegunda með notkun losunarfasta, en þeir eru gefnir út og samþykktir af loftslagsnefnd Sameinuðu þjóðanna (IPCC)².

Við útreikning kolefnisbindingarinnar er gengið út frá því að uppsafnað grunngildi árið 2002 sé 1700 tonn á ári í samræmi við niðurstöður skýrslu Dr. Ingva Þorsteinssonar um kolefnisbindingu. Á hverju ári bætist svo við binding þeirra plantna sem gróðursettar eru á sumrin á vegum OR. Þessi aðferðafræði byggir á niðurstöðum rannsókna, sem benda til þess að meðalbinding í íslenskum skógi sé um 4,4 tonn af koltvísýringi á hektara lands. Miðað er við þéttleika plantna 2000 plöntur á hektara. Þá hefur einnig verið fundið út að meðalbinding á hektara á ári vegna uppgræðslu með sáningu fræs og áburðargjöf sé um 1,5 tonn af koltvísýringi á hektara á ári.



Mynd 1. Árlig binding CO₂ vegna gróðursetningar Orkuveitunnar og útstreymi CO₂ vegna eigin notkunar (bilar, varafl og kyndistöð).

Tafla 5. Kolefnisbinding vegna gróðursetningar á vegum Orkuveitunnar

		2004	2005	2006	2007	2008	2009
Kolefnisbinding, viðbót á ári	tonn	60	20	30	20	20	5
Kolefnisbinding, uppgræðsla	tonn	5	10	5	70	70	60
Heildarkolefnisbinding á ári ¹⁾	tonn	1.900	1.930	1.965	2.055	2.145	2.210

2. Intergovernmental Panel on Climate Change, IPCC

Kolefnisspor

Kolefnisspor er mælieining sem notuð er til að sýna heildarlosun gróðurhúsalofttegunda vegna athafna manna og fyrirtækja út í umhverfið. Um er að ræða losun gróðurhúsalofttegunda við allar athafnir manna og fyrirtækja þ.e. til dæmis vegna útblásturs frá verksmiðjum, bifreiðum, flugvélum, orkunotkunar o.s.frv. Gróðurhúsalofttegundirnar eru misöflugar, metan er t.d. 21 sinni áhrifameira en koltvísýringur, sjá töflu 6.

Tafla 6. Dæmi um áhrif nokkurra gróðurhúsalofttegunda.

Gróðurhúsalofttegund	Upphitunarstuðull
Koltvísýringur (CO ₂)	1
Metan (CH ₄)	21
Tvíköfnunarefnisoxíð (N ₂ O)	310
Brennisteinshexaflúoríð (SF ₆)	23.900

Tafla 7. Kolefnisspor fyrir starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur árin 2008 og 2009.

Útstreymi gróðurhúsalofttegunda	2008		2009		Breyting milli ára 2008 og 2009	
	CO ₂ - ígildi (tonn)	CO ₂ - ígildi (tonn)/GWst*	CO ₂ - ígildi (tonn)	CO ₂ - ígildi (tonn)/GWst**	CO ₂ - ígildi (tonn)	CO ₂ - ígildi (tonn)/GWst***
Losun vegna orkuvinnslu						
Jarðgufuvirkjun við Nesjavelli	21.408	3,60	17.804	2,68	-17%	-26%
Jarðgufuvirkjun á Hellisheiði	33.567	5,65	41.025	6,18	22%	9%
Jarðgufa frá Hverahlíð	0	0,00	692	0,10	100%	100%
Vatnsaflsvirkjun (losun frá uppistöðulónum)**	19	0,00	19	0,00	0%	0%
Losun vegna eldsneytisnotkunar						
Varaafli (fastar stöðvar og færarlegar)	109	0,02	119	0,02	10%	-2%
Bílar (eigin bílar og bílar á leigu)	957	0,16	877	0,13	-8%	-18%
Kyndistöð (vegna prófana)	0	0,00	52	0,01	100%	100%
Innanlandsflug	4	0,00	4,6	0,00	14%	2%
Millilandaflug	160	0,03	58	0,01	-64%	-68%
Losun vegna úrgangs til urðunar						
Úrgangur	1,89	0,0003	1,79	0,00029	-6%	-16%
Losun vegna aðveitu- og dreifikerfis						
Brennisteinshexaflúoríð (SF ₆)	0	0	0	0	0%	0%
Losun gróðurhúsalofttegunda - samtals	56.226	9,47	60.653	9,13	8%	-4%
Kolefnisbinding vegna gróðursetningar						
Landgræðsla og skógrækt	-2.145	-0,36	-2.210	-0,33	3%	-8%
Gróðurhúsaáhrif vegna starfsemi OR	54.081	9,11	58.440	8,80	8%	-3%

* Heildar orkuframleiðsla (rafmagn og varmaorka) frá orkuverum OR árið 2008 var 5939 GWst

** Heildar orkuframleiðsla (rafmagn og varmaorka) frá orkuverum OR árið 2009 var 6638 GWst

*** Losun CO₂ vegna uppistöðulóna er ekki hluti af umhverfisskýrslu OR og er ekki skilað inn vegna Kyoto bóknarinnar

Mælieining fyrir kolefnisspor er kg eða tonn CO₂-ígildi þ.e. áhrif viðeigandi gróðurhúsalofttegunda eru umreiknuð yfir í ígildi CO₂. Fyrir orkuframleiðslu er mælieiningin oft yfirfærð á framleidda orkueiningu t.d. tonn CO₂-ígildi/GWst sem hentar betur ef gera á samanburð milli ára eða fyrirtækja.

Þegar reiknað er kolefnisspor fyrirtækis er nauðsynlegt að taka tillit til kolefnisbindingar ef við á. Kolefnissporið er því jafnt og heildarlosun gróðurhúsalofttegunda að frádreginni kolefnisbindingu.


Tafla 7 inniheldur kolefnisspor fyrir starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2009 og til samanburðar árið 2008³.

Miðað við alla starfsemi Orkuveitunnar árið 2009 er heildarlosun gróðurhúsalofttegunda samtals 60.653 CO₂-ígildi (tonn). Þegar tekið er tillit til þeirrar kolefnisbindingar sem fyrirtækið stendur fyrir með landgræðslu og skógrækt 2.213 CO₂-ígildi (tonn) er umfram losun gróðurhúsalofttegunda vegna starfsemi OR 58.440 CO₂-ígildi (tonn) sem er aukning um 8% milli ára. Hér munar mestu um 22% aukna losun gróðurhúsalofttegunda frá Hellsheiðavirkjun í tengslum við aukna rafmagnsframleiðslu. Heildargróðurhúsaáhrif orkuvinnslunnar fyrir hverja framleidda GWst orku er 8,80 CO₂-ígildi (tonn)/GWst og lækkar um 3% milli ára.

Mynd 2 sýnir losun gróðurhúsalofttegunda á hverja framleidda GWst rafmagns framleitt með jarðvarma annars vegar og vatnsafls hins vegar⁴. Varmaorka virkjana OR er ekki tekin með í þessum samanburði, eingöngu rafmagnsframleiðsla.

Mun minni losun gróðurhúsalofttegunda er vegna framleiðslu rafmagns úr jarðvarma hjá OR á Nesjavöllum og Hellsheiðinni en við framleiðslu rafmagns í Kröfluvirkjun (Landsvirkjun). Skýringin felst í magni CO₂ í vatnsgufu og magni gass sem er mjög breytilegt eftir jarðhitasvæðum. Gasinnihald í gufu á Nesjavöllum og Hellsheiði er tiltölulega lágt um eða undir 0,5% sem er að stærstum hluta koltvísýringur. Gufa frá Kröfluvirkjun inniheldur til samanburðar 1-2% af gasi.

Losun gróðurhúsalofttegunda vegna vatnsaflsvirkjana er mjög mismunandi og fer hún eftir því hversu mikill gróður og jarðvegur lenda undir vatni í virkjunarlónum. Losunin frá vatnsaflsvirkjunum OR er metin út frá þeirri stækkun sem varð á virkjunarlónunum (Elliðavatn og Skorradsavatn) við virkjanirnar. Tekið skal fram að útstreymi frá lónum vatnsaflsvirkjana er ekki hluti af Kyotobókuninni. Í útstreymisbókhalda Íslands er hún skráð undir kaflanum um landnotkun, breytt landnotkun og skógrækt.



Mynd 2. Losun gróðurhúsalofttegunda á hverja framleidda GWst (CO₂-ígildi (tonn)/GWst) við rafmagnsframleiðslu með jarðvarma og vatnsafls.

3. Eva Yngvadóttir, Efla Verkfræðistofa, 2010

4. Eva Yngvadóttir, Efla Verkfræðistofa, 2010

Úrgangur

Frá árinu 2001 hefur Orkuveitan tekið saman yfirlit yfir þann úrgang sem kemur frá fyrirtækinu. Stefna fyrirtækisins er að minnka fastan úrgang og auka hlutfall endurvinnslu eins og mögulegt er á komandi árum.

Úrgangi frá fyrirtækinu er skipt í þrjá flokka eftir því hvernig honum er fargað:


- Úrgangur til urðunar
- Úrgangur til endurvinnslu
- Spilliefni

Heildarmagn úrgangs frá Orkuveitunni fyrir árið 2009 má sjá í töflu 8. Til samanburðar eru birtar tölur fyrir árin 2004 til 2008. Úrgangur frá Orkuveitunni minnkaði um 7% á milli ára. Helstu skýringar eru áframhaldandi samdráttur í framkvæmdum fyrirtækisins.

Magn spilliefna minnkaði töluvert frá árinu á undan, en árið 2008 voru olíutankar tengdir kyndistöðinni fjarlægðir ásamt miklu magni af olíumenguðum jarðvegi.

Hlutfall úrgangs sem fór í endurvinnslu árið 2009 eykst milli ára, eða úr 50% í 54%. Í töflu 8 sjást einnig breytingar innan úrgangsflokka milli ára.

Stærsti hluti úrgangs sem fer í urðun er fráveituúrgangur, eða um 80%.



Mynd 3. Hlutfall úrgangs sem fer í endurvinnslu

Hlutfall úrgangs sem fer í endurvinnslu, þ.á.m. spilliefni, sést á mynd 3. Fráveituúrgangi er sleppt í þessum mælikvarða þar sem Orkuveitan getur ekki haft áhrif á magnið.

Tafla 8. Heildarmagn úrgangs

		2004	2005	2006	2007	2008	2009
Blandaður úrgangur í urðun	kg	278.006	268.640	238.438	268.959	376.614	286.827
Fráveituúrgangur	kg	-	1.040.870	1.439.380	1.513.440	1.265.720	1.262.380
Asbest	kg	-	23.120	368.780	431.720	17.880	18.040
Til urðunar samtals	kg	278.006	1.332.630	2.046.598	2.214.119	1.660.214	1.567.247
Lífrænn úrgangur	kg	10.810	10.745	15.000	14.185	25.290	23.720
Jarðvegssuppfylling	kg	-	-	-	62.287	2.460	68.610
Plastumbúðir	kg	2.040	1.430	2.810	3.632	955	5.522
Litað og ólitað timbur	kg	67.280	151.555	181.141	114.795	70.410	44.632
Bylgjupappi	kg	20.170	9.220	14.420	20.609	17.470	10.141
Skrifstofupappír	kg	5.001	4.374	5.717	5.621	6.647	7.180
Málmar	kg	296.045	164.660	122.195	152.443	162.652	160.384
Til endurvinnslu samtals	kg	401.346	341.984	341.283	373.572	285.884	320.189
Olíuúrgangur, olíumengaður jarðvegur	kg	11.048	17.770	11.192	26.334	100.696	28.078
Lífræn spilliefni með halógenum/ brennisteini	kg	21	538	1.347	659	0	38
Lífræn spilliefna án halógena/ brennisteins	kg	3.545	8.852	4.179	780	151	462
Rafgeymar og rafhlöður	kg	2.151	6.625	2.060	1.417	7.287	3.864
Kvikasilfursmengaður úrgangur	kg	22	1	1	25	0	0
Ólífræn spilliefni og annað	kg	141	9.698	5.590	2.731	2.754	1.307
Spilliefni samtals	kg	16.928	43.487	24.369	31.946	110.888	33.749

Notkun auðlinda

Heita vatnsins er aflað með dælingu úr lághitasvæðum og er einnig framleitt á háhitasvæðum með upphitun á köldu vatni. Veitusvæðið nær til Reykjavíkur og nágrennis, Stykkishólms, Akraness, Borgarness og uppsveita Borgarbyggðar. Orkuveitan á auk þess hitaveitur í Hveragerði, Þorlákshöfn og nágrennasveitarfélögum, í Bláskógarbyggð, á Hellu og Hvolsvelli. Markmið Orkuveitunnar er að nýting þessara auðlinda sé eins sjálfbær og nokkur kostur er.

Vatnsöflun kalds vatns fyrir höfuðborgarsvæðið er í Heiðmörk en Orkuveitan á auk þess vatnsveitur í Stykkishólmi, í Grundarfirði, á Akranesi, í Bláskógarbyggð, Borgarnesi og uppsveitum Borgarbyggðar.

Kalt vatn

Kalt vatn er ein þeirra náttúruauðlinda sem Orkuveitan hefur umsjón með á veitusvæðum sínum. Markmið Orkuveitunnar er að tryggja að vel sé gengið um þessar auðlindir og að þær séu ekki ofnýttar. Í töflu 9 er yfirlit yfir þær vatnsveitur sem fyrirtækið rekur ásamt upplýsingum um hvers konar vöktun er höfð með vatnsstöðu á hverju svæði.

Metrar yfir sjávarmáli (m y.s.)



Mynd 4. Grunnvatnsstaða í holu V18 í Heiðmörk árið 2009

Dæmi um eftirlit með kaldvatnsforðanum er eftirlit á Gvendarbrunnasvæðinu þar sem forðinn er metinn út frá vatnshæð í tilraunaborholum í Heiðmörk. Mynd 4 sýnir grunnvatnsstöðuna í holu V18 í Heiðmörk á árinu 2009. Mælingar eru sjálfvirkar og gerðar á klukkustundar fresti. Viðmiðunarmörk hafa verið sett um 80 metrar yfir sjávarmáli (m.y.s.). Þessi mörk eru þó ekki afgerandi. Nálgaist vatnsborðið þetta viðmið eru starfsmenn viðbúinir til aðgerða, en vatnsborðið hefur ekki farið niður fyrir þessi mörk undanfarinn áratug.


Tafla 9. Vatnsveitur Orkuveitu Reykjavíkur

Veitustaður	Brunnsvæði	Eftirlitsaðferð	Vatnsmagn	Athugasemdir
Reykjavík og nágrenni	Gvendarbrunnar, Jaðar, Myllulækur og Vatnsendakriki	Borholumæling	Yfirdrifið	
Akranes	Berjadalur	Yfirfall	Nóg	
Borgarnes, Bifröst og Munaðarnes	Grábrók	Borholumæling	Yfirdrifið	
Álftanes	Vatnsveita Garðabæjar	-	Yfirdrifið	Vatn keypt af Garðabæ
Bæjarsveit	Varmalækjarmelar	Yfirfall	Nóg	
Grundarfjörður	Grund	Borholumæling	Yfirdrifið	
Hellisheiði	Engidalur	Borholumæling	Yfirdrifið	
Hlíðarveita	Bjarnarfell	Yfirfall	Nóg	Vatn fengið hjá Bláskógarbyggð
Hvanneyri	Fossamelar	Yfirfall	Nóg	
Reykholt, Kleppjárnreykir	Breiðabólstaður/ Hægindi Hamramelar/undir Snældubjörgum	Yfirfall/Borholumæling	Takmarkað	Vatnsskortur á vissum tímum árs.
Nesjavellir	Grámelur/Gróðurhúsalind og Gilsind	Tankmæling	Yfirdrifið	
Stykkishólmur	Svelgsárhraun	Yfirfall	Yfirdrifið	


Hæsta staða í holu V18 á árinu 2009 mældist 85,47 m.y.s. í byrjun janúar. Lægsta staða í holunni mældist 82,36 m.y.s. um miðjan september, sjá töflu 10. Vatns-hæðin í borholunni er mæld og skráð í töflu 10 og sýnd á mynd 5 þar sem sjá má hvernig meðalvatnshæðin, hæsta og lægsta staða sveiflast milli ára.

Árið 1997 var HACCP eftirlitskerfi innleitt til þess að tryggja vatnsgæði. Á hverju ári eru tekin sýni úr vatnsbólunum Orkuveitunnar til örverugreininga. Árið 2009 voru 107 sýni tekin í Reykjavík og stóðust öll gæðakröfur. Niðurstöður eru sýndar á mynd 6.

Metrar yfir sjávarmáli (m y.s.)



Mynd 5. Grunnvatnsstaða holu V18 á árunum 1993 til 2008. Viðmiðunarmörk eru að staðan fari aldrei undir 80 m.y.s.



Mynd 6. Hlutfall sýna sem stóðust gæðakröfur á árunum 1987 til 2009

Tafla 10. Grunnvatnsstaða V18


	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Meðalstaða	81,31	81,95	81,99	82,73	82,96	83,38	83,26	83,78*	83,38
Hámarksstaða	82,79	83,38	84,50	85,14	85,26	85,84	86,57	86,53	85,47
Lágmarksstaða	80,54	80,59	80,80	81,18	82,23	82,39	81,83	82,40	82,36

* Leiðrétt gildi 2008

Lághiti


Mælingar á niðurdrætti í borholum eru notaðar sem viðmiðun fyrir nýtingu lághitasvæðanna. Ef vatnshæðin í tilteknum borholum nálgast dæluþýpið er ástæða til aðgerða. Á framleiðslusviði Orkuveitunnar er tekin ákvörðun um hvort lækka eigi dælur eða hvort rétt sé að hvíla svæði. Myndir 7-10 sýna vatnshæðina í tilteknum holum á þeim fjórum lághitasvæðum sem Orkuveitan nýtir á höfuðborgarsvæðinu. Einnig sýna þær dýpt dælanna sem viðmiðunarmörk.

Metrar yfir sjávarmáli




Mynd 7. Reykir, dýpt í holum MG - 1 og SR - 32

Metrar yfir sjávarmáli




Mynd 9. Laugarnes, dýpt í holum RG -5 og RG - 7

Metrar yfir sjávarmáli



Mynd 8. Reykjahlíð, dýpt í holu MG - 28

Metrar yfir sjávarmáli




Mynd 10. Elliðaár, dýpt í holu RG - 27

Háhití

Orkuveitan leggur höfuðáherslu á að allar auðlindir séu nýttar á sem sjálfbærastan hátt. Á háhitasvæðunum er fylgst með áhrifum orkuvinnslunnar á svæðin eins og kostur er. Á Nesjavöllum er mældur niðurdráttur á svæðinu og hann borinn saman við reiknaðan niðurdrátt samkvæmt reiknilíkani sem hermir jarðhitann og vinnsluna í kringum Hengil. Reiknilíkanið var hannað árið 2003 af þeim Grími Björnssyni og Arnari Hjartarsyni, starfsmönnum Íslenskra orkurannsóknna (ÍSOR). Árið 2005 var líkanið endurvarðað vegna mats á viðbrögðum kerfisins við fyrirhugaða vinnslu á Skarðsmýrarfjalli.

Á mynd 11 er sýndur samanburður á mældum og reiknuðum niðurdrætti á Nesjavöllum. Heildregnir ferlar eru reiknaðir samkvæmt líkaninu en punktar eru mæld gildi á 800-1000 metra dýpi. Ljósgræni ferillinn ferillinn sýnir niðurdrátt í holu NJ-18 en sá dökkgræni í holu NJ-15. Ársmeðalvinnsla á Nesjavöllum er svo að finna á neðri hluta myndarinnar. Varðandi nýtingu háhitasvæðanna hefur verið valin sú leið að meta hvernig raunnýting svæðanna er samanborin við rekstrarlíkan (spálíkan) sem búið er til hjá Íslenskum orkurannsóknnum fyrir Nesjavelli og Hellisheiði. Reynslan hefur sýnt að svæðin gefa yfirleitt meiri orku en spálíkön gefa til kynna.




Mynd 11. Niðurdráttur í háhitaholum Nesjavalla. Heilir ferlar eru reiknaðir samkvæmt líkani en punktar sýna mæld gildi

Ef mælingar sýna frávik frá reiknuðu línunni er vinnslan í ósamræmi við spána fyrir svæðið og þá þarf að endurkvarða líkanið. Á 5 ára fresti eða oftar er líkanið endur-reiknað miðað við allar nýjar mælingar og spáð áfram til næstu 30 ára. Þumalfingursreglan er sú að hægt sé að spá með nokkurri nákvæmni álíka langt fram í tímann og sú vinnslusaga sem lögð er til grundvallar. Við fyrstu spá fyrir Nesjavelli lá einungis til grundvallar vinnsla í 3-5 ár og nákvæmni spárinnar var því lítil. Þegar líkanið var síðast endurkvarðað í byrjun árs 2005 var vinnslusagan 15-20 ár á Nesjavöllum og spáin því mun áreiðanlegri en fyrri spár.

Mælingar á árinu 2009 sýna að niðurdrátturinn í holu NJ-15 fylgir ágætlega spánni. Spáferill NJ-18 fylgir ekki raunverulegum breytingum sem fram komu eftir að fjórða vélin var tekin í notkun. Unnið er að endurskoðun rekstrarlíkansins með auknum gögnum frá Hellisheiði og nýrri gögnum frá Nesjavöllum.

Mynd 12 sýnir sambærilegt líkan fyrir Hellisheiði sem Gunnar Gunnarsson forðufræðingur OR hefur unnið að. Líkanið byggir á skemmri vinnslusögu en Nesjavalla og er því ekki eins vel kvarðað og má því gera ráð fyrir að óvissan í því gæti verið meiri þegar lengra líður á spátímann. Líkanið verður endurskoðað þegar frekari gögn liggja fyrir.



Mynd 12. Niðurdráttur í háhitaholum Hellisheiðarvirkjunar. Heilir ferlar eru reiknaðir samkvæmt líkani en punktar sýna mæld gildi

Hitapolnar örverur

Þýðingarmikill hluti af starfsemi fráveitu er vöktun umhverfisþátta. Í starfsleyfum hreinsistöðvanna eru skilgreind þynningarsvæði þar sem mengun má vera yfir viðmiðunarmörkum (umhverfismörkum) og er fjöldi hitapolinna saurkólígerla eða saurkokka notaður sem mælikvarði. Utan skilgreindra þynningarsvæða skal mengun hins vegar vera undir viðmiðunarmörkum. Viðmiðunarmörk eru skilgreind í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Þar segir að í a.m.k. 90% tilfella skuli fjöldi saurkólígerla eða saurkokka utan þynningarsvæða í sjó vera undir 1000 pr. 100 ml en við fjörur þar sem útivistarsvæði eru ellegar matvælaiddaður í nánd skal fjöldinn vera undir 100 pr. 100 ml.

Stærð þynningarsvæða eru ákvörðuð með dreifilíkani þar sem tekið er tillit til ýmissa umhverfisþátta, svo sem hita, straums og líftíma örvera. Dreifilíkanið er jafnframt til að ákvarða lengd útræsa þannig að tryggt sé að þynningarsvæði nái hvergi að stórstraumsfjörumörkum.

Frá apríl fram í október 2009 voru 77 sýni tekin mánadjarlega af starfsmönnum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á völdum stöðum við fjöruborð þar sem fjaran er aðgengilegust í Reykjavík. Niðurstöður mælinganna má sjá í töflu 9 og sýna að kröfur reglugerðarinnar eru uppfylltar í 94% tilfella fyrir saurkólígerla og 100% tilfella fyrir saurkokka við fjöruborð.

Ekki voru sýni tekin kerfisbundið á jaðri þynningarsvæðanna árið 2009 en unnið er að heildarmati á ástandi viðtaka í samræmi við starfsleyfi fráveitunnar. Fyrirhugað að niðurstöður þeirra rannsókna liggja fyrir á fyrri hluta árs 2010.

Tafla 11. Hlutfall sýna sem mældist undir viðmiðunarmörkum í sýnatökum við fjöruborð

	Saurkólígerlar	Enterokokkar
2009	94%	100%
2008	95%	100%

Brennisteinsvetni

Brennisteinsvetni (H_2S) fellur til í nokkru magni í tengslum við orkuöflun á Nesjavöllum og Hellisheiði. Árið 2009 var útstreymi brennisteinsvetnis frá Nesjavöllum 8.071 tonn. Útstreymi frá Hellisheiði var 12.491 tonn, sem var að mestum hluta vegna reksturs virkjunarinnar að undanskildum tæpum 2% sem voru í tengslum við rannsóknir. Í töflu 12 má sjá útstreymi brennisteinsvetnis frá Nesjavöllum og Hellisheiði á árunum 2003 til 2009. Allur útblástur frá Hellisheiði fram til ársins 2006 er vegna tilraunaborana.

Á vegum Orkuveitunnar er nú í gangi verkefni sem miðar að því að draga úr útblæstri brennisteinsvetnis frá virkjunum á Hengilssvæðinu. Verkefnið snýst um að skilja H_2S úr gasi frá virkjununum, blanda því við skiljuvatn og dæla því niður í bergið. Framkvæmdir við tilraunastöð eru í gangi og er áætlað að fyrstu niðurstöður úr tilrauninni liggja fyrir um mitt ár 2010.

Tafla 12. Útstreymi brennisteinsvetnis

	Uppruni		2004	2005	2006	2007	2008	2009
Brennisteinsvetni (H_2S)	Nesjavöllir	tonn	5.048	8.918	8.650	10.275	12.114	8.071
	Hellisheiði	tonn	748	443	*	6.902	10.323	12.491

* Ekki reyndist unnt að fá tölur frá Hellisheiði árið 2006.

Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum

Markmið Orkuveitu Reykjavíkur er að draga eins og hægt er úr þeim umhverfisáhrifum sem tengjast rekstri fyrirtækisins. Einn af þeim þáttum sem hafa verið til skoðunar er útblástur frá bílum fyrirtækisins. Í töflu 13 sést yfirlit yfir bíla í eigu Orkuveitu Reykjavíkur í lok ársins 2009. Þess ber að geta að fjöldi bíla í rekstri hjá fyrirtækinu eykst á sumrin þegar sumarstarfsmenn OR taka 20-24 bíla á leigu til að sinna störfum sínum.

Bílum hefur fækkað úr 191 í 169 milli ára.

Tafla 13. Bílar Orkuveitunnar


	2008	2009
Bensín bílar	57	38
Dísel bílar	105	104
Rafknúnir bílar	2	1
Metankúnir bílar	22	22
Vetniskúnir bílar	5	4
Alls	191	169

Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum, þ.e. bílar sem ganga fyrir rafmagni, metani eða vetni er reiknað í eftirfarandi töflu. Stefna Orkuveitunnar er að auka hlutfall vistvæns eldsneytis í rekstri.

Tafla 14. Hlutfall vistvænna bifreiða í rekstri

	2006	2007	2008	2009
Hlutfall vistvænna bifreiða	0%	8%	15%	16%



A photograph of a field of tall, golden-brown grasses. The grasses are dense and reach up to the top of the frame. The lower portion of the image shows the green foliage and stems of the grasses. The sky is a bright, hazy yellow, suggesting a sunny day. The overall scene is a natural, outdoor setting.

Aðrir umhverfispættir

Aðrir umhverfisþættir

Heildarframleiðsla

Aukning varð á framleiðslu Orkuveitu Reykjavíkur á heitu vatni og rafmagni með jarðgufu og hauggasi á árinu 2009. Framleiðsla á köldu vatni stóð í stað milli ára og rafmagnsframleiðsla með vatnsafli dróst örlítið saman. Heildarframleiðsla fyrirtækisins er skráð í töflu 15.

Framleiðsla fyrirtækisins á heitu vatni jókst um rúmt 4% frá fyrra ári og var heildarframleiðslan um 82 milljónir rúmmetra.

Kaldvatnsframleiðsla var um 26,4 milljónir rúmmetra sem er sambærilegt við árið áður.

Heildarframleiðsla rafmagns jókst um 27% frá fyrra ári. Sú aukning kom til vegna tveggja 45 MW véla sem bættust við í Hellisheiðarvirkjun árið 2008 og störfuðu allt árið 2009. Rafmagnsframleiðsla á Nesjavöllum og Hellisheiði var í heild 2.672 GWst. Orkuveitan framleiddi 33,7 GWst af rafmagni með vatnsafli árið 2009 og var það 4% minnkun frá árinu áður. Breytileg orkuvinnsla vatnsaflsstöðva milli ára tengist breytilegu ársrennsli.

Rafmagnsframleiðsla með hauggasi jókst um 204%. Meira framboð af metangasi frá framleiðanda veldur því að rafmagnsframleiðsla jókst töluvert frá árinu áður.

Tafla 15. Heildarframleiðsla Orkuveitunnar

		2004	2005	2006	2007	2008	2009	Breyting frá fyrra ári
Heitt vatn	m ³	64.000.000	71.000.000	72.700.000	78.275.000	79.200.000	82.019.000	4%
Kalt vatn	m ³	26.200.000	27.500.000	28.710.000	28.954.000	26.400.000	26.416.000	0%
Rafmagn með jarðgufu	MWst	672.800	779.500	1.201.000	1.808.400	2.102.700	2.672.626	27%
Rafmagn með vatnsafli	MWst	42.600	32.800	39.800	32.800	35.200	33.660	-4%
Rafmagn með hauggasi	MWst	2.300	4.200	1.000	183	157	478	204%

Eigin notkun

Orkuveita Reykjavíkur fylgist vel með eigin notkun á orku og vatni. Notkunin er helst við rekstur fasteigna, vinnslu Orkuveitunnar á heitu vatni og til dælingar á heitu og köldu vatni. Tafla 16 sýnir eigin notkun fyrirtækisins á árinu 2009.

Stærsti hluti orkunnar fer í dælingu vatns. Árið 2009 var eigin notkun rafmagns um 243,6 GWst sem eru um 9% af heildarframleiðslu fyrirtækisins.

Eigin notkun á heitu vatni í Orkuveitunni árið 2009 var 1.245.876 m³ og 461.366 m³ á köldu vatni, sem er rúmlega 1,4% af heildarvatnsframleiðslunni.

Aukning varð á eigin notkun allra miðla í Orkuveitunni og stafar sú aukning af stækkun Hellisheiðarvirkjunar.

Eldsneytisnotkun

Orkuveitan leitast við að skoða öll þau umhverfisáhrif sem stafa af rekstri fyrirtækisins og því hafa verið teknar saman upplýsingar um eldsneytisnotkun eigin bíla og þeirra bíla sem fyrirtækið leigir. Þessar upplýsingar eru settar fram í töflu 17.

Heildareldsneytisnotkun fyrirtækisins árið 2009 minnkar um 1% frá árinu 2008. Sjá má af eldsneytistöllum minni umsvif tengd framkvæmdum á árinu. Bílum fækkaði í heild frá árinu áður, sérstaklega bensínbílum (19 bílar) og svo var einum vetnisbíl færri í rekstri. Fjöldi metanbíla hélt sér, og hefur notkun þeirra greinilega aukist miðað við aukið magn metans sem brennt var. Einnig jókst notkun á litaðri vélaolíu um 42% þar sem tvær nýjar vélar voru í rekstri allt árið í Hellisheiðarvirkjun.

Kyndistöðin var prófuð árið 2009 og er nú prófuð árlega. Hún er ekki lengur prófuð með svartolíu heldur díselolíu. Árið 2009 voru um 20 rúmmetrar af díselolíu notaðir til að keyra stöðina.

Tafla 16. Eigin notkun

		2004	2005	2006	2007	2008	2009	Breyting frá fyrra ári
Rafmagn	MWh	122.760	131.900	160.740	197.770	234.310	243.639	4%
Heitt vatn	m ³	611.050	639.000	803.500	955.150	1.083.157	1.245.876	15%
Kalt vatn	m ³	55.600	109.600	350.030	374.430	390.965	461.366	18%

Tafla 17. Eldsneytisnotkun Orkuveitunnar

		2004	2005	2006	2007	2008	2009	Breyting frá fyrra ári
Bensín	Lítrar	115.334	105.533	140.800	116.700	91.398	84.060	-8%
Díselolía	Lítrar	210.493	213.969	250.600	264.900	331.048	309.680	-6%
Svartolía	Lítrar	0	18.313	0	10.100	0	*	
Lituð vélaolía	Lítrar	-	15.339	37.600	25.500	32.126	45.641	42%
Vetni	Lítrar	-	-	-	-	264	115	-56%
Metangas	Lítrar	-	-	-	-	6.632	17.785	168%

*Ekki lengur notuð svartolía.

Kyndistöð

Kyndistöðin er ætluð sem varastöð fyrir hitaveitu og hefur eina notkun hennar undanfarin ár verið vegna prófana sem standa aðeins yfir í fáar klukkustundir í senn. Kyndistöðin er nú prófuð á hverju ári. Tafla 18 sýnir útstreymisbókhalda kyndistöðvarinnar í samræmi við reglugerð 990/2008. Hlutföll lofttegunda sem kyndistöð losar breytast árið 2009 vegna breyttrar eldsneytisnotkunar. Nú er notað dísel í stað svartolíu til prófunar kyndistöðvar, sjá nánar aftast í skýrslu.

Fráveita

Eftirfarandi er samantekt á útstreymisbókhalda fráveitu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2009 samkvæmt reglugerð 990/2008. Upplýsingar eru gefnar fyrir losun í vatn fyrir hvert mengunarefni sem fer yfir viðmiðunargildi samkvæmt II viðauka reglugerðar.

Útreikningar eru byggðir á mælingum árið 2009 samkvæmt kröfum um starfsleyfi hreinsistöðvanna. Sýni eru tekin fjórum sinnum á ári fyrir köfnunarefni og fosfór, en tvisvar á ári fyrir snefilefni. Reiknað er út frá meðalgildi hvers mengunarpáttar og heildarrensli stöðvanna. Tafla 19 sýnir útreiknað útstreymi frá hreinsistöðvunum.

Tafla 19. Losun mengunarefna frá hreinsistöðvum í Reykjavík

Efnapáttur	Klettagarðar	Ánanaust	Samtals
Heildarrensli (tonn/ári)	40.514.000	32.350.000	
Heildarköfnunarefni N (kg/ári)	5.631.446	4.593.700	10.225.146
Heildarfosfór P (kg/ári)	769.766	776.400	1.546.166
Arsen As (kg/ári)	36	23	59
Kadmíum Cd (kg/ári)	<8	<6	<14
Króm Cr (kg/ári)	81	84	165
Kopar Cu (kg/ári)	134	100	234
Kvikasilfur Hg (kg/ári)	<4	<3	<7
Nikkel Ni (kg/ári)	57	58	115
Blý Pb (kg/ári)	138	29	167
Sink Zn (kg/ári)	1.377	1.197	2.574

Tafla 18. Losun lofttegunda frá kyndistöð


Magn	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Metan (CH ₄)	kg	3	0	4	0	2	3
Koldíoxíð (CO ₂)	kg	44.000	0	55.000	0	30.000	52.000
Kolmónoxíð (CO)	kg	575	0	705	0	390	773
Níturoxíð N ₂ O	kg	0,4	0	0,4	0	0,3	1
NMVOC ¹⁾	kg	110	0	141	0	74	147
Köfnunarefnisoxíð (NO _x)	kg	452	0	564	0	307	554
Brennisteinsdíoxíð (SO ₂)	kg	52	0	64	0	35	0,01

¹⁾ Rokgjarnar lífrænar efnablöndur án metans.


Neysluvatnsnotkun

